



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagata 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2019

**Efni: Ábendingar Bændasamtaka Íslands til starfshóps um gerð orkustefnu**

*Tilv. 201902-0006*

I

Vísað er til tölvupóststilkynningar frá samráðsgátt stjórnarráðsins, dags. 25. janúar 2019 þar sem umsagnarfrestur var framlengdur til 15. febrúar 2019. Á upphafsstigum vinnu við mótun orkustefnu er með opnu samráðsferli leitað eftir hugmyndum og tillögum að innihaldi orkustefnu frá almenningi, hagsmunaaðilum og félagasamtökum. Af því tilefni vilja Bændasamtök Íslands koma eftirfarandi áherslum á framfæri.

Bændasamtökin fagna þeirri vinnu sem nú stendur yfir um mótun heildstæðrar orkustefnu en telja um leið mikilvægt að stefnan sé í samræmi við þau markmið sem sett eru fram í öðrum áætlunum, sérstaklega um byggðaðróun, matvælastefnu, atvinnusköpun og umhverfismál. Mikilvægt er að aðgerðir stjórnvalda styðji innlenda framleiðendur og styrki framleiðslumhverfi innanlands. Þannig má einnig draga úr kolefnisfótspori innlendar framleiðslu og auka sjálfbærni matvælaframleiðslu hér á landi.

II

Bændasamtökin telja að íslenska orkugjafa skuli nýta til að framleiða vörur og þjónustu innanlands. Þannig megi styrkja samkeppnishæfni landsins, atvinnu- og búsetuþróun. Sérstaklega skal bent á að töluvert svigrúm er til að bæta í framleiðslugetu á ræktun garðyrkjuafurða, séu réttar forsendur eru fyrir hendi. Mikilvægt er að efla samkeppnishæfni innlendar framleiðslu og gríðarlegt tækifæri er til þess með mótun nýrrar orkustefnu. Samtökin telja neikvætt að íslensk orkufyrirtæki sem framleiða og afhenda orku til notenda með endurnýjanlegum orkugjöfum skuli hafa selt frá sér upprunaábyrgðir. Af því leiðir að innlendir framleiðendur geti ekki framvísað hreinleikavottorðum eða borga sig fram hjá þeim með tilheyrandi auknum rekstrarkostnaði, sem endar í verði vörunnar. Það væri til bóta fyrir markaðssetningu innanlands og utan að allir orkukaupendur gætu framvísað hreinleikavottorði með vörum sínum. Í eðli sínu er verslun með upprunaábyrgðir til þess fallin að skerða vitund um raunverulega framleiðsluferla. Neytendur erlendis og hér heima eru í raun og veru blekkir með því.



Á búnaðarþingi hefur ítrekað verið ályktað orkuverð og dreifingu orku, sér í lagi raforku. Meginstefið í þeim ályktunum er að skorað er á stjórnvöld að bæta dreifikerfi raforku m.t.t. gæða rafmagns og afhendingaröryggis. Því styttri sem flutningur er af framleiðslusvæði á notkunarsvæði því öruggari og hagkvæmari er flutningurinn. Nauðsynlegt er að efla varaafli sem einnig þarf að vera tiltækt þegar á þarf að halda, svo sem í óveðrum og öðrum náttúrhamförum. Liggja þarf ljóst fyrir hverjir bera ábyrgð á áreiðanleika varaafli. Þá er nauðsynlegt að leggja áherslu á hraðari uppbyggingu þriggja fasa rafmagns í stað einfasa dreifikerfi en bjóða einnig upp á aðrar lausnir í þeim tilvikum þar sem fyrirsjáanlegt er að það verði ekki endurnýjað á næstu árum. Leggja þarf áherslu á endurnýjun flutnings- og dreifikerfis þannig að það standist kröfur neytenda. Einnig þarf að leggja aukna áherslu á lágmarks viðbúnaðarbirgðir af jarðefnaeldsneyti, þar eð margar framleiðslugreinar og flutningar eru enn um sinn mjög háðar þeim.

Einnig er nauðsynlegt er að reyna að auka framleiðslu á orku, þar sem orkunotkunin er, til þess að draga úr þörf á flutningi á orku með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum. Bygging stóriðjuvera þarf einnig að taka mið af þessu. Þá er afar mikilvægt að raska ekki ræktarlandi og eða búsetulandslagi frekar en brýn þörf er á til raforkuflutninga. Tryggð verði lagnaleið yfir hálendið til að minnka landnot á láglandi. Bændasamtökin benda á að veга þurfi og meta hverju sinni hvort á betur við jarðstrengur eða loflína. Þegar um er að ræða leiðir utan búsetulandslags, t.d yfir hálendið má segja að loflína sé oft góður valkostur með tilliti til umhverfisáhrifa og afturkræfni. Í byggð gildir oft hið gagnstæða, en aðstæður eru mismunandi og því nauðsynlegt að meta hvert tilvik sérstaklega.

Gjaldskrá Landsnets þarf að taka mið af áðurgreindum markmiðum og gjaldskrá annarra sem flytja raforku skv. einkaleyfi þarf að vera eins fyrir kaupendur í þéttbýli og dreifbýli. Bændasamtökin telja að mismunun á dreifingarkostnaði dreifiveitna milli þéttbýlis og dreifbýlis byggji á hugmyndafræði sem ekki stenst lengur skoðun og ætti að afnema. Sem dæmi um þetta má nefna að meta þarf það land sem dreifbýlið leggur fram undir lagnaleiðir. Búnaðarþing hefur margoft ályktað um að bændur og landeigendur þurfi að fá sanngjarnar greiðslur fyrir lagnaleiðir. Orkuflutningar eru hluti af samfélagslegum innviðum eins og vegakerfið og fjarskiptakerfið. Bændasamtökin telja eðlilegt að ekki sér þar mismunad eftir búsetu heldur sé það fjármagnað sameiginlega af notendum og allir greiði sama gjald fyrir í samræmi við notkun eins og til dæmis í fjarskiptaþjónustu.

### III

Varðandi útflutning á orku um sæstreng telja samtökin þá leið ekki vænlegan kost. Þannig hækkar raforkuverð til innlendra notenda stórlega sem veikir rekstrargrundvöll innlendra framleiðenda, sérstaklega þá sem stunda ylækt og þegar búa við hátt orkuverð. Þann kostnað er á hinn bóginn nauðsynlegt að lækka til hagsbóta fyrir innlenda framleiðendur sem og neytendur. Hvað varðar samkeppni á orkumarkaði er ljóst að litlir notendur, svo sem bændur eiga undir högg að sækja varðandi kjör á orku. Einkaleyfi dreifiveitnanna á dreifingu orku og



frelsi orkusala til verðlagningar því samhliða eru þættir sem hygla stórum kaupendum umfram þeim litlu. Þessu þarf að bregðast við.

Eins og fram kom í skýrslu fyrri starfshóps (Skýrsla stýrihóps um mótun heildstæðrar orkustefnu, lögð fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012) þarf að auka fjölbreytni orkugjafa, ekki síst til að minnka vægi jarðefnaeldsneytis. Miklir möguleikar eru í orkuvinnslu í landbúnaði. Auka þarf umfjöllun um þessa möguleika í nýrri orkustefnu. Sérstaklega hvað varðar smávirkjanir, framleiðslu á neyju og reyju til framleiðslu á fyrstu kynslóðar lífdísils, nýtingu lífmassa til framleiðslu á annarrar kynslóðar lífdísils, metan orkuver þar sem búfjáraburður er nýttur og orkuver þar sem timbri eða öðrum orkujurtum er brennt. Bændasamtökin horfa til aukins hlutverks Landbúnaðarháskóla Íslands og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins í þessu samhengi.

Bændasamtökin eru tilbúin að ræða við nefnd um mótun orkustefnu um þessa þætti sem áður er um getið og vilja eiga gott samtal og samráð um mótun stefnunnar.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Guðrún Vaka Steingrimsdóttir

